

21. desember 1981.

277

Nr. 81.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 21. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

28. desember 1981.

Nr. 82.

LÖG

um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1980, orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1982 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds

28. desember 1981.

Nr. 83.

LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

32.—40. gr. laganna verði 33.—41. gr. þeirra, jafnframt því sem ný grein, er verði 32. gr. laganna, orðist svo:

Ráðherra skal heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra húsa og húshluta sem flokkast skv. 1. gr. í tnr. 44.23.01, 44.23.04, 44.23.09, 73.21.01, 73.21.03, 73.21.09 og 76.08.00.

Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði sambærilegra mannvirkja eða mannvirkjahluta sem framleiddir eru hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lögð eru á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast undir önnur tollskrárnúmer 1. gr. laganna en innflutt mannvirki og mannvirkjahlutar. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæð mannvirki eða mannvirkjahluta á sama eða svipuðu byggingar- eða framleiðslustigi þessara vara hér á landi. Við ákvörðun jöfnunarálags skal auk þeirra atriða, sem að framan getur, taka tillit til gerðar mannvirkis og mannvirkjahluta og skal heimilt að flokka vörur þessar í mannvirkjaflokka og ákveða jöfnunarálag fyrir hvern flokk fyrir sig.

Ráðherra skal heimilt, þegar innflutt mannvirki eða mannvirkjahlutar teljast í verulegum atriðum að efni og gerð frábrugðnir þeim mannvirkjum eða mannvirkjahlutum, sem framleiddir eru hér á landi, að ákveða að jöfnunarálag skuli lagt á tollverð þeirra hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu nefndra innflutningsvara.

Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls skv. 1. gr. af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd jöfnunarálags fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftrilit.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða byggingarkostnað samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1982.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds

LÖG

um breytingu á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. laganna bætist ný mgr., sem verði 2. mgr. svohljóðandi:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að áður en gjald er lagt á saltsíld samkvæmt 2. gr., skuli draga frá f. o. b.-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að gjald samkvæmt 2. gr. skuli ekki innheimt af edik-söltuðum síldarflokum og öðrum síldarflokum, sem verkuð eru á svipaðan hátt.

2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði, er orðist svo: